

svar·a *so. vb.-a – kalla*
[-aði]

– geturðu svarað spurningunni?

‡ • svar « spyrja

hér, herna *ao.*

– hér er ég!

‡ • héðan « þarna

áður *ao.*

– ég hef aldrei komið hingað áður

‡ áðr » fyrr

saman *ao.*

– við ætlum að fara saman í bío

‡ • ásamt, samanburður, sameiginlegur, samkomulag, samkvæmt, sammála, samræða

vik·a *kvk. – stofa*
[-u, -ur; [ef.ft.] -na]

– það eru sjö dagar í vikunni

‡

ráða *so. sb.-7 – falla*
[réð, réðum, ráðið]

– ég ræð engu hér

‡ • ráð, ráðherra; lýðræði, vandræði

heita *so. sb.-7 – falla*
[hét, hétum, heitið]

– hvað heitir þú?

‡

hljóta *so. sb.-2 – bjóða*
[hlaut, hlutum, hlotið]

– hún hlaut fyrstu verðlaun
– ég hlýt að fá starfið

‡

strák·ur *kk. – hestur*
[-s, -ar]

– var það strákur eða stelpa?

‡ strákr » piltur, drengur

hlut·i *kk. – tími*
[-a, -ar]

– hvaða hluta textans eigum við að lesa?

‡ • hlutur, hlutverk, hlutafélag

skól·i *kk. – tími*
[-a, -ar]

– nemendurnir mæta snemma í skólann

‡ • háskóli

blað *hk. – hús Ö*
[-s, blöð]

– ertu búin að lesa blaðið?

‡ • blaðsíða, dagblað

sérstak·ur *lo. – gulur Ö*
[sérstök, -t; -ari, -astur]

– hann hefur sérstakt lag á börnum

‡ • sérstaklega; einstaka, einstaklingur » einstakur

þung·ur *lo. – gulur*
[-, -t; þyngri, þyngstur]

– bakpokinn er þungur

‡ þungr • þungi, þyngd « léttur

sein·n *lo. – gulur S*
[-, -t (ao.); -ni, -astur]

– þú ert orðin of sein

‡ • seint « fljótur

skip *hk. – hús*
[-s, -]

– ég kom með skipi til Íslands

‡ • skipstjóri » bátur